

Fundur stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar, 14.10.2022. Kl 20:00. Haldinn á Borg í Grímsnesi.

Mættar eru fyrir hönd Fjár- og hjarðhundadeild, Elín Lára Sigurðardóttir formaður og Guðrún Th Guðmundsdóttir, ritari, en einnig Guðrún Sigurðardóttir. Og í gegnum fjarfundabúnað, Jóhanna Eivindsdóttir gjaldkeri, Edward Birkir Dóruson og Andrea Björk Hannesdóttir.

Byrjað var að ræða framkvæmd og reglur kringum smalaeðlispróf. Þar kom Guðrún Sigurðardóttir að umræðunni, en hún er m.a. viðurkenndur dómari í smalaeðlisprófum, NHAT, og tilbúinn að leggja til fé og aðstöðu fyrir slíkt próf.

Guðrún getur lagt til 30 kindur, sem verður skipt í 3, 10 kinda hópa. Það er þá hægt að bjóða u.þ.b. 12 hundum í prófið eða 4 á hvern hóp. Það þarf u.þ.b. 8 manns auk ritara og dómara til að manna prófið, en fyrir eðlisprófið sjálft þurfa hundarnir að standast nokkursskonar skapgerðarmat. Taugaveiklaðir og/eða árásargjarnir fá ekki að fara í prófið sjálft.

María Dóra Þórarinsdóttir verður fengin til að dæma, og dómaranemi verður Björn Jóhann Steinarsson.

Einnig er fyrirhugað að halda sameiginlega göngu og hitting í sólheimakoti 19 nóvember.

Uppfæra þarf upplýsingar um tegundirnar Malinois og Polish Tatra Sheepdog. Hefur stjórn FogH deildar sent staðlaráði ósk um að yfirfara heilbrigðiskröfur fyrir þá síðastnefndu. Einnig þarf að uppfæra fréttalinkinn á síðunni. Einnig þarf að uppfæra reglur um smalaeðlispróf á síðunni. Einnig bæta við tegundum á síðuna sem vantar.

Stjórn er mjög ánægð með framkvæmd deildarsýningarinnar sem haldin var í Reiðhöllinni Víðidal þann 16 júní. Til stóð að halda sýninguna í Lystigarðinum í Hveragerði, en vegna slæmrar veðurspár, var sýningin flutt inn. Dómari var Karen Mc Dewitt, Írlandi.

Finna þarf nýja dagsetningu fyrir deildasýningu á nýju ári (2023), en stjórn er sammála um það að júní-ágúst séu frekar erfiðir þar sem margir séu í sumarleyfum og erfitt að skipuleggja sýningu á þeim tíma og tryggja nógu margar skráningar og starfsfólk.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

F.h. Stjórnar.

Guðrún Th Guðmundsdóttir.

ritari.